

Garðabær 30.sept 2019

Berist til: Bæjarstjórnar Garðabæjar**Erindi:** Beiðni fyrir endurnýjun á ljósabúnaði, varamannaskýli á æfingavelli og grasi á „búri“

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnnunnar að farið verði í endurnýjun á ljósabúnaði á knattspyrnusvæði Stjörnnunnar við Ásgarð. Sá ljósabúnaður sem er á aðalvelli og stóra æfingavellinum er orðin ansi lúinn og viðhaldskostnaður að aukast töluvert jafnt og þétt. Eins þá er orðið erfiðara að fá varahluti í ljósinn þar sem þau eru orðin úrelt á markaði. Í tengslum við skiptingu á gervigrasi á æfingavellinu 2018 átti að fara í framkvæmdir og breytingar á ljósabúnaði einnig sem væri umhverfisvænni kostur og minni ljósmenngun fyrir nágrenið. Það var hinsvegar ekki gert þar sem breytingar urðum á framkvæmdunum, völlurinn ekki stækkaður og því ljósabúnaði haldið óbreyttum. Við skoðun á nýjum ljósabúnaði hjá öðrum félögum á landinu er krafan að lágmarki 800 lux en viðmiðið að æskilegt sé að möstrin geti tekið að 1300 lux þó svo að slíkur styrkur væri aldrei nýttur nema við sérstök tilefni.


Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur hefur nánari upplýsingar um kostnað og valmöguleika í tækjabúnaði enda var þetta mikið skoðað á sínum tíma þegar breytingar lágu fyrir á sínum tíma.

Eins var fyrirhugað í framkvæmdum við æfingavöllinn 2018 að setja átti upp varamannaskýli sem hægt væri að nýta fyrir kappleiki hjá yngri flokkunum, þau hafa ekki ennþá verið sett upp og óskum við eftir að sú framkvæmd verði kláruð og unnin í samvinnu við vallarstjóra Stjörnnunnar.

Seinasta beiðnin sem fylgir þessu erindi snýr að „Búrinu“ eða svo kallast sá völlum sem stendur við hlið Ásgarðs inni á skólasvæði Garðaskóla. Sá völlum er mikið nýttur af skólunum jafnt sem Stjörnnunni en gervigras á honum er orðið rífið og farið að vera slysavaldandi. Hugmynd Stjörnnunnar var hvort hægt væri að skoða að setja gúmmílaust gervigras á þennan völlum. Þá myndi okkur gefast tækifæri á að kanna þann möguleika fyrir stærri velli í framtíðinni en mikil þróun er í framleiðslu á gúmmílausum völlum sem allir hjóta að fagna út frá umhverfis- og vistvænum sjónarmiðum.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnnunnar



Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

stjarnan@stjarnan.is
bokhald@stjarnan.is

+354 565 1940

Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð
210 Garðabær, Ísland